

Fundur 25.9.2023 Marta Sveinbjörnsdóttir, gamall Nýalssinni.

Góða kvöldið allir saman.

*Góða kvöldið og velkomin.*

Gleður það mig að komast í sambandið. Ætla ég nú bara örlítið að staldra við og rifjar þetta upp gamla tíma og íslensku þjóð allt hið besta.

Finnst mér nú eins og að sambandið sé ekki alveg upp á sitt besta, vildi gjarnan koma fleiru í gegn, hugsið um gamla tíð, þá kemur þetta allt saman og orkan og ég verð að fá að segja nokkur orð og orkan er ekki nógu mikil.

Við Íslendingar þurfum að standa betur saman og það er skammarlegt að þjóðin hafi ekki tekið betur í kenningar dr. Helga Pjeturss.

Ég er nú svo orkumikil og ég var nú svo orkumikil á meðal ykkar en nú finnst mér eins og miðillinn nái ekki öllu sem ég vil koma í gegn og vona að ég geti sagt nafnið mitt.

Ég verð að fá meiri orku og þið verið að, ætlaði að segja ykkur örlítið áður en ég kveð og hvar eru allir gömlu Nýalssinnarnir, ég hef nú

*Þeir eru flestir fluttir.*

Já já ég ætla að koma að því, ég var á meðal ykkar þegar ég var yngri, hér lífi ég góðu lífi, já er nú orkan aðeins að koma um leið og ég finn að ég geti sagt deili á mér, ég er íslensk kona.

*Já Nýalssinni?*

Já ég,

*Það er mikil bót að fá þig.*

Það orð er nú svo sjaldan notað hér á þessum hnetti, hér eru allir hvort sem er farnir að skylja þetta, en þeir bara sinna þessu misvel.

Við tengjum það orð við gömlu baráttuna á gömlu jörðinni, sem þið eruð enn þá í og mætti ganga miklu betur.

Já já.

Ég, Atli Hraunfjörð biður að heilsa, ég bið að heilsa Sigu og ef einhver man eftir mér úr fjölskyldunni minni, ég var í gamla félaginu hans Atla og ykkar hér áður fyrir.

*Er þetta Elsa?*

Nei Marta heiti ég.

*Já velkominn,*

*Kannski hitti ég Sigu á morgun, ég meina á miðvikudaginn.*

Já ég er viss um að hún kveikir á perunni.

*Já.*

Þetta er nú orðið svo langt um liðið að það þarf tíma til að rifja þetta upp, en ég vildi segja ykkur frá því að ég held tryggð við gamla félagið, held tryggð við alla þá sem eru komnir hér yfir og er þakklát fyrir að hafa kynnt mér þessi málefni þegar ég var yngri og hefur gert mér gagn í lífinu.

Og það var nú oft líf og fjör í félaginu okkar, ykkar hér í gamla daga og menn deildu um hlutina og vil gjarnan að þið fáið svo marga meðlimi aftur til starfa að það berist út að allt sé í blóma.

Ha hvað segir þú?

*Svo hægt sé að rífast aftur?*

Já svo hægt sé að rífast aftur.

Já ég tók mér nú langan tíma til að sletta úr klaufunum og lifa lífinu eftir að ég kom hingað, þú getur sagt Siggu það.

*Já.*

Ég var svo glöð og hissa að vera komin með ungan líkama að ég gaf mér ekki tíma í þetta fyrr en núna á seinni árum og kannski ég segi ykkur örlitla sögu um sjálfa mig og um að svífa.

Ég, hér eru ekki mörg farartæki sem eru eins og flugvélnar gömlu, en það eru þó til nokkurs konar flugvélar á þeim svæðum hnattarins þar sem orkan er ekki nægileg til að svífa.

Ætla ég að segja ykkur örstutta sögu um það hvað það gleður mig mikið að svífa og hvað mér líður þá vel og kannski þið takið þátt í þeirri upplifun ef þið verðið mínir draumþegar.

Og er saga mín á þá leið að þegar ég kom hingað fyrst, áttaði ég mig ekki á því, hvers vegna mér gekk misvel að svífa eftir því hverja ég hafði umgengist og eftir því hvar ég hafði verið, á hvaða landsvæðum.

Eða jafnvel í hvaða borgum ég hafði verið, því ekki er sama ástandið eða sama orkan í öllum borgum á þessari jörð, þótt hún sé mjög góð. Og betri en sú gamla.

En þá áttaði ég mig á því, að ef ég hefði umgengist neikvætt fólk og mér ósammála, þá átti ég erfiðara með að svífa og þetta var alveg eins og dr. Helgi Pjeturss hafði skrifað um.

Hefur hann nú skrifað aðrar bækur og er ég sannur aðdáandi og les allt sem frá honum hefur komið og mikið vildi ég að þið gætuð notið þess, kannski hann komi sjálfur og segi frá því eða við getum vitnað í það.

Segðu Siggu að Atli biðji kærlega að heilsa og ég og fleiri, verð ég nú að kveðja ykkur en ég held nú, vona að þau muni eftir mér.

*Marta hvers dóttir ert þú?*

Sveinbjörnsdóttir. Held að það sé vonandi rétt, er ekki viss um að það hafi komið rétt út, við skulum vona það.

*Já.*

Hún leiðréttir það þá hún Sigga.

*Já já.*

Ég þakka kærlega fyrir mig og gaman að heyra í ykkur, það eru ótal mörg ár síðan ég var í þessu félagi, það eru góðar minningar þegar ég var yngri.

Verið þið sæir og þakka fyrir, bið að heilsa mínu fólki ef þið hafið tök á því að koma því til skila, verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir og vertu sæl. Gangi þér vel, vertu sæl.*